

- 144 3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undireins og amtmaður hefir ákveðið tölu  
1. des. hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunar-  
innar og hinar nýju hreppsnefndir þar á eftir hafa verið kosnar, en þær skulu síð-  
an framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði á-  
greiningur út af skiptingunni, skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig  
ákveður um fjallskil hreppanna og afrjettir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar  
og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er ekki gjörð  
nein breyting á Jökuldals- og Hlíðar þinghá, hvorki sem manntalsþinghá nje sem dóm-  
þinghá.

145

### Auglýsing

30. des. um að birta í blaðinu „Ísafold“ auglýsingar þær, sem um er rætt í önu brjefi  
27. maí 1859.

Frá 1. janúar 1887 skal fyrst um sinn, þangað til öðruvísi verður ákveðið, birta  
í blaðinu «Ísafold», sem út kemur í Reykjavík, auglýsingar þær, sem um er rætt í önu  
brjefi 27. maí 1859, um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi um auglýsingar í  
blöðunum í vissum tilfellum, og sem eftir auglýsingu landshöfðingjans yfir Íslandi 16.  
októbermán. 1884 átti að birta í blaðinu «Suðra» þangað til öðruvísi yrði ákveðið.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Reykjavík 30. desembermán. 1886.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

Jón Jenson.

### SETTUR MÁLAFÆRSLUMAÐUR.

27. desember var cand jur. Hannes Hafstein settur til þess fyrst um sinn frá 1. janúar  
1887 að gegna sýslaninni sem málaflutningsmaður við hinn kgl. isl. landsyfjirjett í stað landritara Jóns  
Jenssonar, sem gengt hafði sýslan þessari um stundarsakir.